

2001020027
7000; 9310

Seyðisfjörður
Ólafur Sigurðsson, bæjarstjóri
Hafnargötu 44
710 Seyðisfjörður

Reykjavík, 11. maí 2001
/--

Efni: Ný hafnarmannvirki innan hafnarinnar á Seyðisfirði. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu hafnarsjóðs Seyðisfjarðar að matsáætlun um byggingu nýrra hafnarmannvirkja innan hafnarinnar á Seyðisfirði.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Hönnunar dags. 29. mars 2001 tillaga hafnarsjóðs Seyðisfjarðar að matsáætlun:

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnarsjóður. Ný hafnarmannvirki innan hafnarinnar á Seyðisfirði. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Mars 2001. Hönnun hf.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Seyðisfjarðarkaupstað, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Siglingastofnun og veiðimálastjóra. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Seyðisfjarðarkaupstað með bréfi dags. 18. apríl 2001, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 10. apríl 2001, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 2. maí 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 27. apríl 2001, Siglingastofnun með bréfi dags. 30. apríl 2001 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 11. apríl 2001. Skipulagsstofnun bárust svör frá framkvæmdaraðila við umsögnum með bréfum dags. 2. maí og 7. maí 2001.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan:

Efnisnám og dýpkun

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, köflum 2.2.3, 2.2.4 og 5.1 er fjallað um efnistöku og dýpkun.

Koma þarf fram í matsskýrslu hvernig staðið hafi verið (sbr. 18. gr. lið 3c í reglugerð) að mati á umhverfisáhrifum efnistöku sbr. 18. gr. lið 3c í reglugerð nr. 671/2000 og hvernig áætlað sé að ganga frá efnistökuþöðum að framkvæmdum loknum.

Í matsskýrslu komi fram niðurstöður úr könnun á setefnisgerð og styrk olíumengandi efna í dýpkunarefni og til hvaða mótvægisáðgerða fyrirhugað sé að grípa verði vart við mengun vegna röskunar setefnis við dýpkun.

Hljóðstig

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, köflum 5.2.2 og 5.4 er fjallað um samgöngur og hljóðstig.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að koma fram hvaða forsendur séu lagðar til grundvallar mati á áhrifum aukinnar umferðar á framkvæmdatíma og einnig vegna umferðaraukningar með tilkomu nýrrar ferju. Þá þarf að fjalla um í matsskýrslu hvaða mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu framkvæmdaraðila, ef þörf er á þeim, vegna mögulegrar hljóðstigsaukningar.

Fallvötn

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, kafla 5.8.3 er fjallað um fallvötn.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fyrirhugað sé að gera úttekt á seiðabúskap Fjarðarár áður en framkvæmdin við hafnarkantinn byrjar og verður hún gerð eftir að vorflóðum í ánni er lokið. Þar sem niðurstöður úttektarinnar munu ekki liggja fyrir fyrr en í sumar verða þær ekki kynntar í matsskýrslu. Skipulagsstofnun telur að gera ætti grein fyrir niðurstöðum úttektarinnar í matsskýrslu ef mögulegt er en að öðrum kosti verði að líta á niðurstöðurnar sem hluta af vöktunaráætlun á meðan framkvæmdum stendur og þegar þær eru yfirstaðnar. Í matsskýrslu verði gerð grein fyrir því hvaða umhverfisáhrif breytingar á ósasvæði Fjarðarár munu hafa í för með sér, s.s. á setburð og lífríki og hvaða mótvægisáðgerðir, ef þeirra er þörf, séu

fyrirhugaðar af hálfu framkvæmdaraðila. Bent skal á að fyrirkomulag á breytingum á ósasvæði Fjarðarár eru háðar heimild embættis veiðimálastjóra í samræmi við 43. grein laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Í matsskýrslu þarf jafnframt að gera grein fyrir vatnsskiptum um fyrirhugaða brú er tengir saman núverandi og fyrirhugað hafnarsvæði.

Verndarsvæði

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, kafla 5.12 og frekari svörum framkvæmdaraðila er fjallað um verndarsvæði. Þar kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé ekki á eiginlegum leirum þar sem setefni svæðisins sé mun grófara en á hefðbundnum leirum og falli svæðið því ekki undir landslagsgerðir sem njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að burtséð frá kornastærð svæðisins fyrir botni Seyðisfjarðar, sem bæjarbúar kalla Leirur, er framkvæmdin fyrirhuguð á svæði sem kann að vera mikilvægt búsvæði, sbr. umsögn Náttúruverndar ríkisins. Í matsskýrslu þurfa að koma fram niðurstöður könnunar á lífríki þess, áhrifum framkvæmdarinnar á það, hvort þörf sé á mótvægisáðgerðum og þá hverjar séu fyrirhugaðar af hálfu framkvæmdaraðila.

Framsetning gagna

Undirstrikað er að í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeirri aðferðarfræði sem beitt hefur verið til að segja fyrir um áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið og lýsing á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 671/2000 tölulíð 3 c og f.

Póroddur Póroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit: Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Siglingastofnun, veiðimálastjóri, Hönnun, verkfræðistofa